

Kaupfélag Borgfirðinga

Ársreikningur 2005

Dagskrá aðalfundar 2006

1. Fundur settur
2. Rannsóknir kjörbréfa og kosning starfsmanna fundarins
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar félagsins fyrir árið 2005 og skýrsla kaupfélagsstjóra
5. Umræður um skýrslur
6. Tillögur úr deildum
7. Umræður og afgreiðsla tillagna
8. Kosningar
9. Önnur mál
10. Fundarslit

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Dagskrá aðalfundar | 3 |
| Efnisyfirlit | 3 |
| Félagsmenn, stjórn og starfsfólk | 5 |
| Skýrsla kaupfélagsstjóra..... | 6 |
| Skýrsla og áritun stjórnenda | 7 |
| Áritun endurskoðenda | 8 |
| Rekstrarreikningur ársins 2005..... | 9 |
| Efnahagsreikningur..... | 10 |
| Eigið fé og skuldir | 11 |
| Yfirlit um sjóðstreymi árið 2005..... | 12 |
| Skýringar | 13 |

Félagsmenn, stjórn og starfsfólk

| Félagsmenn 31. desember 2005 | Félagsmenn | Aðalfundar- fulltrúar |
|----------------------------------|------------|--------------------------|
| Andakill og Skorradalur | 77 | 4 |
| Lundarreykjadalur | 28 | 1 |
| Reykholtsdalur | 53 | 3 |
| Hálsasveit | 33 | 2 |
| Hvítársíða | 30 | 2 |
| Þverárhlið | 29 | 1 |
| Norðurárdalur | 23 | 1 |
| Staðholtstungur | 44 | 2 |
| Borgarhreppur | 46 | 2 |
| Borgarnes | 407 | 17 |
| Álftaneshreppur | 33 | 2 |
| Hraunhreppur | 28 | 1 |
| Kolbeinsstaðahreppur | 42 | 2 |
| Eyja- og Miklaholtshreppur | 30 | 2 |
| Staðarsveit og Breiðuvík | 26 | 1 |
| Útan deilda | 416 | |
| Samtals | 1345 | 43 |

Stjórn

| | Fyrst kosinn |
|--|-----------------|
| Sveinn Hallgrímsson, Hvanneyri, formaður | 2000 |
| Guðbjartur Gunnarsson, Hjarðarfelli, varaformaður | 1995 |
| Guðrún Sigurjónsdóttir, Glitstöðum, ritari | 2002 |
| Pétur Geirsson, Borgarnesi, meðstjórnandi | 2000 |
| Guðbrandur Guðbrandsson, Staðarhrauni, meðstjórnandi | 2003 |

Varamenn í stjórn

| | |
|--------------------------------------|------|
| Anna Ólafsdóttir, Borgarnesi | 2002 |
| Eggert Kjartansson, Hofsstöðum | 2003 |
| Þorkell Fjølsted, Ferjukoti | 2003 |

Löggiltur endurskoðandi, kjörinn af aðalfundi

| | |
|---|------|
| Gunnar Þór Ásgeirsson, PricewaterhouseCoopers hf, | 2005 |
|---|------|

Skýrsla kaupfélagsstjóra

Miklar breytingar hafa orðið á íslensku samfélagi á fáum árum. Einstaklingshyggja er nú alsráðandi en félagsleg gildi lítills metin. Misskipting auðs fer vaxandi og þarf að leita langt aftur í aldir þegar fáeinir höfðingjar réðu Íslandi til þess að finna hliðstæðu núverandi ástands. Margt er líkt, þá og nú. Höfðingjarnir vilja lög og reglur sem þeim einum henta, annars munu þeir sigla með sinn auð. Ef marka má umræðu leita þeir þó varla skjóls hjá Danakóngi nú, eins og áður hjá Noregskóngi. Þetta ástand vekur upp þær spurningar hvort samvinnufélög, sem byggja á samstarfi og jafnræði félagsmanna eigi rétt á sér eða hvort um sé að ræða úrelt form, sem þó reyndist vel á umbreytingartímum íslensks samfélags á sínum tíma.

Starfsemi KB hefur verið umbreytt á liðnum árum. Ekki verður horft fram hjá því að ekki eru allir sáttir við þær breytingar sem orðið hafa, þó velflestir félagsmenn hafi sætt sig við þær, sem óhjákvæmilegar.

Stjórn félagsins hefur samþykkt að fara í stefnumótunarvinnu þar sem eflaust verða ræddar spurningar eins og samvinnufélög, til hvers, fyrir hvern og hvaða verkefni. Þannig þarf líka að velta upp þeim spurningum hvernig Kaupfélag Borgfirðinga verði starfrækt á næstu árum, hvernig það nýtist félagsmönnum best.

Hagnaður varð af rekstri félagsins 40,2 milljónir króna. Er það betra en gert var ráð fyrir. Söluhagnaður fasteigna og hlutabréfa sem og niðurfelling skuldbindinga voru liðir sem bættu afkomu ársins. Rekstraráætlun hafði gert ráð fyrir lítilsháttar hagnaði og jákvæðu veltufé frá rekstri. Sé tekið mið af því er afkoman heldur verri en áætlað var. Efnahagur félagsins hefur stækkað og eru heildareignir í lok árs 2005 956 milljónir króna og eigið fé 379,2 milljónir króna. Að frátöldu einu félagi þá eru öll þau félög sem KB á hlut í rekin með hagnaði á liðnu ári. Þá eru fasteignir félagsins í leigu og skila viðunandi arðsemi. Því er fjárhagsleg staða félagsins traust.

Helstu verkefni ársins voru þessi:

- Byggt var nýtt hús Egilsholt 1 sem nú hýsir Búrekstrardeild félagsins.
- Haldið var áfram því starfi sem hafið var á árinu 2004 að umbreyta rekstri Borgarnes kjötvara ehf og Stjórnusalats ehf
- Félagið keypti hlut í Fóðurbliðndunni hf
- Félagið keypti hlut í Vesturlandi hf – eignarhaldsfélag. Eignarhlutur KB er nú 45,8%

Helstu verkefni félagsins á næstu mánuðum eru uppbygging á búrekstrardeildinni með auknu vöruframboði og leit að nýjum tækifærum. Þá þarf að vinna áframhaldandi umbreytingu hjá BK sem styrki stöðu kjötvinnslu og slátrunar í Borgarfirði.

Ég vil þakka starfsmönnum, stjórn og félagsmönnum fyrir samstarfið á árinu.

Borgarnesi, 8. apríl 2006.

Guðsteinn Einarsson.

Skýrsla og áritun stjórnenda

Kaupfélag Borgfirðinga er nú rekið sem eignarhaldsfélag, auk þess að reka Búrekstrardeild KB.

Hagnaður varð af rekstri félagsins að fjárhæð 40,3 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi og var eigið fé þess í árslok 379,2 milljónir króna samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til skýringa í ársreikningi varðandi meðferð hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stofnsjóður félagsmanna nam 5,9 milljónum króna í árslok og skiptist á 342 félagsmenn. Heildarfjöldi félagsmanna í árslok var 1.315 og hafði fækkað um 53 á árinu.

Það er álit stjórnar Kaupfélags Borgfirðinga að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningum.

Stjórn og kaupfélagsstjóri Kaupfélags Borgfirðinga staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 11. apríl 2006.

Í stjórn félagsins:

Kaupfélagsstjóri:

Sveinn Hallgrímsson
stjórnarformaður

Guðsteinn Einarsson

Guðbjartur Gunnarsson
varaformaður

Guðrún Sigurjónsdóttir
ritari

Pétur Geirsson
meðstjórnandi

Guðbrandur Guðbrandsson
meðstjórnandi

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og félagsmanna í Kaupfélagi Borgfirðinga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Kaupfélags Borgfirðinga fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 11. apríl 2006.

PricewaterhouseCoopers hf

Gunnar Þór Ásgeirsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2005

| | Skýr. | 2005 | 2004 |
|--|-------|--------------------|--------------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Sala | | 99.983.413 | 0 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 24.537.476 | 22.842.657 |
| Söluhagnaður fasteigna | | 8.500.146 | 0 |
| | | <u>133.021.035</u> | <u>22.842.657</u> |
| Rekstrargjöld | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 88.509.911 | 0 |
| Laun og launatengd gjöld | | 13.519.797 | 5.799.713 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | | (22.630.000) | (956.000) |
| Annar rekstrarkostnaður | | 15.322.568 | 13.464.866 |
| Afskriftir | 1 | 5.094.466 | 3.326.817 |
| | | <u>99.816.742</u> | <u>21.635.396</u> |
| Rekstrarhagnaður | | 33.204.293 | 1.207.261 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur | | 1.862.503 | 1.714.285 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | | (25.204.684) | (22.797.144) |
| Fenginn arður og hagnaður af sölu hlutabréfa | | 30.436.591 | 250.097.027 |
| | | <u>7.094.410</u> | <u>229.014.168</u> |
| Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta | | 40.298.703 | 230.221.429 |
| Tekjuskattur | | 0 | 0 |
| | | <u>0</u> | <u>0</u> |
| Hagnaður (tap) ársins | | <u>40.298.703</u> | <u>230.221.429</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

| Eignir | Skýr. | 2005 | 2004 |
|------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Viðskiptavild | 1 | 1.600.000 | 2.000.000 |
| | | <u>1.600.000</u> | <u>2.000.000</u> |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir | 1 | 205.032.418 | 195.636.032 |
| Áhöld og tæki | | 3.648.105 | 2.113.434 |
| | | <u>208.680.523</u> | <u>197.749.466</u> |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 2 | 642.047.159 | 449.498.673 |
| Skuldabréfaeign | | 1.931.172 | 2.127.397 |
| Víkjandi skuldabréfaeign | | 15.000.000 | 0 |
| | | <u>658.978.331</u> | <u>451.626.070</u> |
| Fastafjármunir samtals | | <u>869.258.854</u> | <u>649.248.139</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Vörubirgðir | | 20.982.066 | 3.779.567 |
| Viðskiptakröfur | 3 | 39.336.677 | 2.178.865 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 26.174.517 | 321.985 |
| Handbært fé | | 256.856 | 828.099 |
| | | <u>86.750.116</u> | <u>9.235.913</u> |
| Eignir samtals | | <u>956.008.970</u> | <u>658.484.052</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|--------------|--------------------|--------------------|
| Eigið fé | 4 | | |
| Stofnsjóður og bundið eigið fé | | 6.090.768 | 5.857.717 |
| Annað eigið fé | | 373.064.065 | 333.211.399 |
| | | <u>379.154.833</u> | <u>339.069.116</u> |
| Skuldir | | | |
| Víkjandi lán og skuldbindingar : | | | |
| Víkjandi lán | 6 | 12.386.917 | 8.838.265 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 5 | 0 | 22.630.000 |
| | | <u>12.386.917</u> | <u>31.468.265</u> |
| Langtímaskuldir: | 7 | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 433.530.912 | 255.958.169 |
| | | <u>433.530.912</u> | <u>255.958.169</u> |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 20.086.110 | 1.996.815 |
| Samþykktir víxlar | | 19.500.000 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | | 47.605.769 | 12.002.630 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 5.799.528 | 5.233.015 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 7 | 37.944.901 | 12.756.042 |
| | | <u>130.936.308</u> | <u>31.988.502</u> |
| Skuldir samtals | | 576.854.137 | 319.414.936 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>956.008.970</u> | <u>658.484.052</u> |
| Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar | 8 | | |
| Aðrar upplýsingar | 9 | | |

Sjóðstreymi ársins 2005

| | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|-------|----------------------|---------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Hagnaður (tap) ársins | | 40.298.703 | 230.221.429 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 3 | 5.094.466 | 3.326.817 |
| Aðrir liðir | | (48.575.783) | (242.539.892) |
| | | <u>(3.182.614)</u> | <u>(8.991.646)</u> |
| (Hækkun) rekstartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (63.010.344) | 627.780 |
| Birgðir | | (17.202.499) | (3.779.567) |
| Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 55.669.652 | 1.204.468 |
| | | <u>(24.543.191)</u> | <u>(1.947.319)</u> |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | <u>(27.725.805)</u> | <u>(10.938.965)</u> |
| Fjárfestingahreyfingar | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | | (58.707.722) | (60.652.223) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 51.582.345 | 0 |
| Keyptir/seldir eignarhlutar í öðrum félögum | | (172.985.342) | (13.132.398) |
| Afborgun skuldabréfaeignar | | 196.225 | 0 |
| Veitt víkjandi lán | | (15.000.000) | 0 |
| | | <u>(194.914.494)</u> | <u>(73.784.621)</u> |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Útborgað eigið fé | | (212.986) | (255.894) |
| Afborgun af lífeyrisskuldbindingu og innlánsdeild | | 0 | (4.448.013) |
| Afborganir langtímalána | | (101.253.193) | (10.735.171) |
| Ný langtímalán | | 305.445.940 | 139.704.879 |
| Skammtímalán, breyting | | 18.089.295 | (39.831.342) |
| | | <u>222.069.056</u> | <u>84.434.459</u> |
| Lækkun á handbæru fé | | (571.243) | (289.127) |
| Handbært fé í upphafi ársins | | 828.099 | 1.117.227 |
| Handbært fé í lok árs | | <u>256.856</u> | <u>828.099</u> |

Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða innlaun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Rekstrarreikningur

Sala

Seldar vörur og þjónusta er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádrögnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma vöru og þjónustu.

Efnahagsreikningur

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði. .

Afskriftarhlutföll eru eftirfarandi:

| | |
|---------------------|--------|
| Fasteignir | 2-4% |
| Áhöld og tæki | 15-20% |

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðuð við eignarhaldstíma innan ársins.

Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðuð við vísitölur sem tóku gildi í janúarbyrjun 2006. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

Skýringar

1. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

| | Óefnislegar eignir | Fasteignir | Áhöld og tæki | Samtals |
|-------------------------------------|--------------------|------------------------|---------------|--------------|
| Stofnverð 1/1 | 0 | 204.463.480 | 2.113.434 | 206.576.914 |
| Keypt á árinu | 2.000.000 | 56.781.964 | 1.925.758 | 60.707.722 |
| Selt á árinu | 0 | (44.361.621) | 0 | (44.361.621) |
| Heildarverð 31/12 | 2.000.000 | 216.883.823 | 4.039.192 | 222.923.015 |
| Afskrifað 1/1 | 0 | 8.827.448 | 0 | 8.827.448 |
| Afskrifað á árinu | 400.000 | 4.303.379 | 391.087 | 5.094.466 |
| Afskriftir færðar út | 0 | (1.279.422) | 0 | (1.279.422) |
| Afskrifað 31/12 | 400.000 | 11.851.405 | 391.087 | 12.642.492 |
| Bókfært verð 31/12 2005 | 1.600.000 | 205.032.418 | 3.648.105 | 210.280.523 |
| | Fasteignamat, hús | Fasteignamat, leigulóð | Brunabótamat | Bókfært verð |
| Fasteignir eru metnar þannig: | 110.460.000 | 27.252.000 | 255.700.000 | 205.032.418 |
| | 110.460.000 | 27.252.000 | 255.700.000 | 205.032.418 |

2. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutar í félögum greinast þannig:

| | Nafnverð | Bókfært verð |
|--|-------------|--------------|
| Samkaup hf | 53.612.056 | 355.447.992 |
| Vesturland hf., eignarhaldsfélag | 135.465.662 | 135.465.662 |
| Fóðurblandan hf. | 12.955.860 | 100.851.794 |
| Borgarland ehf. | 27.500.000 | 36.087.833 |
| KB fjárfestingarfélag ehf | 8.000.000 | 8.000.000 |
| Unik ehf. | 64.612 | 5.000.000 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum og sjóðum (samtals 4 félög) | 1.193.878 | 1.193.878 |
| | 238.792.068 | 642.047.159 |

Kaupfélagið er eigandi alls hutafjár í KB fjárfestingarfélagi ehf. og helmingseigandi að BK fasteignum ehf. Þessi félög eru með óverulegan rekstur og áhrif á stöðu Kaupfélagsins óveruleg og því er ekki samin samstæðureikningskil.

3. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslureikningi greinist þannig:

| | |
|-------------------------------------|---------|
| Frá fyrra ári | 704.254 |
| Afskrifaðar kröfur á árinu | 0 |
| Gjaldfærð niðurfærsla á árinu | 0 |
| Niðurfærsla 31/12 | 704.254 |

Skýringar

4. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

| | Stofnsjóður og bundið fé | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|-----------------------------|-----------------------------|------------------------|--------------------|
| Jöfnuður 1.1 | 5.857.717 | 333.211.399 | 339.069.116 |
| Vextir til stofnsjóðs | 401.431 | (446.037) | (44.606) |
| Breyting stofnsjóðs | (168.380) | 0 | (168.380) |
| Hagnaður ársins | 0 | 40.298.703 | 40.298.703 |
| Jöfnuður 31.12 | <u>6.090.768</u> | <u>373.064.065</u> | <u>379.154.833</u> |

Stofnsjóður og bundið eigið fé greinist þannig:

| | |
|-------------------------------|------------------|
| Stofnsjóður félagsmanna | 5.922.268 |
| Menningarsjóður | 168.500 |
| | <u>6.090.768</u> |

5. Lífeyrisskuldbindingar

Félagið gerði eftirlaunasamning við fyrrverandi stjórnanda. Skuldbinding var 22,6 millj. kr. í ársbyrjun en stjórnandinn fyrrverandi lést á árinu og féll skuldbindingin því niður.

| | |
|---------------------------------------|--------------|
| Staða 1.1 2005 | 22.630.000 |
| Lækkun á árinu | (22.630.000) |
| Lífeyrisskuldbinding 31.12 2005 | <u>0</u> |

6. Víkjandi lán

Á árinu 2000 gaf félagið út skuldabréf að fjárhæð 7,5 millj. kr. með víkjandi rétti. Bréfið sem er til 5 ára hefur eiginleika eigin fjár að því leyti að það víkur fyrir öðrum skuldum félagsins ef því yrði slitið. Vextir eru fastir 7% og lánið er verðtryggt með vísitölu neysliverðs. Endursamið var um lán þetta og áfallna vexti þess nú 12,3 milljónir króna þanning að það var framlengt um 5 ár á óbreyttum kjörum.

Skýringar

7. Langtímaskuldir

| | |
|---|--------------------|
| Verðtryggð lán, vextir 5,1 - 6,8% | 286.083.336 |
| Gengistryggð lán | 185.392.477 |
| Víkjandi lán | 12.386.917 |
| | <u>483.862.730</u> |

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok árs greinast þannig:

| | |
|-----------------|--------------------|
| Árið 2006 | 37.944.901 |
| Árið 2007 | 35.857.371 |
| Árið 2008 | 34.048.877 |
| Árið 2009 | 132.667.201 |
| Árið 2010 | 45.683.878 |
| Síðar | 197.660.502 |
| | <u>483.862.730</u> |

Langtímaskuldir samtals kr. 483.593.876 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

| | |
|--|--------------------|
| Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda | 37.944.901 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | 445.917.829 |
| | <u>483.862.730</u> |

8. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Veðsetningar

Fasteignir félagsins, sem bókfærðar eru á kr. 205,1 millj. og hlutabréf sem bókfærð eru á kr. 475,9 millj. eru veðsettar fyrir langtímaskuldum, sem námu kr. 483,9 millj. króna á sama tíma. Þá eru birgðir og skammtímakröfur félagsins veðsettar viðskiptabanka þess fyrir allt að kr. 115 millj.

Þar að auki hefur félagið ábyrgst vaxtagreiðslur fyrir eitt af dótturfélögum sínum til næstu fimm ára. Um óverulegar fjárhæðir er að ræða.

9. Aðrar upplýsingar

Skattamál

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2006 vegna rekstrarársins 2005. Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist á móti skattalegum hagnaði næstu tíu árin.